



# BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

## Brúin skólanámskrá

Árið 2015 breytti Brúarásskóli kennsluháttum. Skólaárinu var skipt upp í fjórar spannar. Tvær spannar á önn. Veigamikill hluti af breyttum starfsháttum í skólanum var aukið vægi teymiskennslu í skólastarfinu sem fylgir aldurshópunum.

Hugmyndin að baki Brúarverkefninu var fyrst og fremst að skapa nemendum fjölbreytt tækifæri til að fást við heildstæð, samþætt viðfangsefni. Auka þar með val þeirra, sjálfstæði og ábyrgð. Segja má að lykilhæfni, eins og hún er skilgreind í Aðalnámskrá, sé höfð að leiðarljósi og leitast er við að laga verkefnið að viðmiðum hennar. Áhersla er á skapandi vinnu, samvinnunám, upplýsingaöflun, vinnu með ólíka miðla, samræður og tjáningu.

Unnið er með markmið þvert á námsgreinar; íslensku, samfélagsgreinar og náttúrugreinar. Áherslur fara eftir viðfangsefni hverju sinni og hægt er að kynna sér markmiðin nánar sem tengd eru við verkefnið.

Tvö til fjögur umfangsmikil viðfangsefni eru unnin á hverri spönn. Þriðjungur skólstarfsins fellur beint undir Brúarverkefnið eða svokallaða Brúartíma. Sum verkefni eru skylduverkefni og önnur valkvæð en öll miðuð að einstaklingnum. Íslenska og stærðfræði er á dagskrá daglega. Á yngsta stigi er stuðst við Byrjendalæsi og Brúarvinnan oftast tengd því. Þessu er fylgt eftir á mið- og unglíngastigi með *Orði af orði*. Stuðst er við hugmyndafræði leiðsagnarmats.

## Markmið:

- ★ þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni
- ★ búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi
- ★ efla gagnrýna hugsun
- ★ ábyrgð og sjálfstæði
- ★ efla frumkvæði og skapandi hugsun
- ★ skipuleggja og bera ábyrgð á eigin námi
- ★ tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt
- ★ tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt.

**Námsmat:**

- símat
- jafningjamat
- sjálfsmat
- leiðsagnarmat.